

## Lokaskýrsla

Vorið 2020 fékk Birna Arnbjörnsdóttir, Deildarforseti Mála- og menningardeildar, styrk að fjárhæð 2 mkr. úr Kennslumálasjóði - leið B vegna verkefnisins „Áherslubreytingar í kennslu tungumála þvert á námsgreinar“.

Verkefnisnúmer: | 1600-16105 | 1310-131100 | 1.500.000kr.

### Lýsing á verkefninu

Breytt umhverfi tungumálakennslu vegna fækkunar nýnema í hefðbundnu tungumálanámi og lakari undirbúnings vegna styttingar framhaldsskólans kallar á umfangsmikla kennsluþróun í Mála- og menningardeild þvert á námsgreinar. Þróunin felst í eftirfarandi breytingum:

1. Kennslufræðilegar áherslubreytingar sem miðast að því að tengja tungumálanám öðrum námsgreinum (fagtengt tungumálanám).
2. Aukið fjarnám til að koma til móts við mismunandi nemendahópa og lakari undirbúnings nýnema með auknu ílagi í markmálinu m.a. með
3. Undirbúningur og þróun 1-2 vikna örnámskeiða og ákafanámskeiða í samstarf í við erlenda háskóla sem byggja á tveggja vikna námskeiði í þýsku sem nú er boðið er upp á í samstarfi við háskólann í Tübingen.

Upphafleg kostnaðaráætlun:

<b>1. Kennslufræðilegar áherslubreytingar þvert á greinar</b>	
Sérfræðingur (ferðakostnaður og þóknun)	300000
Námsgögn og önnur námskeið fyrir kennara	200000
Tveir vinnufundir	100000
<b>2. Fjarnám</b>	
Samantekt tæknilausna sem völ er á (ekki námsumsjónarkerfi heldur gagnvirka tækni sem þjálfar tungumálfærni). Þróun tilraunaverkefnis að A2 færni í frönsku 6x 40 mín. bálkur)(brú)	100000
Námsefnisgerð og forritun	1300000
<b>3. Undirbúningsvinna vegna samstarfs við erlenda háskóla um stutt málþjálfunarnámskeið</b>	
Leit að styrkjum, samstarfsskólum og gerð námsáætlunar	500000
<b>Samtals</b>	<b>2500000</b>

Áherslubreytingar voru nauðsynlegar þegar koma að framkvæmd verkefnisins vegna Covid. Staða verkefnisins er sú að auk ferðar til að skoða fjarnám í Frakklandi var öll áhersla og meirihluta fjárins varið í þróun brúarnámskeiðs í frönsku. Staðan er sú að búoð er að vinna markmið og söguþráð og lögð drög að æfingum fyrir 4 bálka af 5.

Kostnaðaryfirlit samkvæmt bókhaldi HÍ:

1. Ekki var hægt að fá til landsins sérfræðing. Ekkert fé notað.	0.-
3. 4.3. 2020 Hluti ferðar til Frakkl. skoða fjarnám (Ásta Ingibjartsdóttir)	115.045.-
2. Þróun brúarnámskeiðs í frönsku í fjarnámi:	
19.6. 2020 Svanhildur Snæbjörnsdóttir ráðgjöf v/brúarnáms frönsku	30.000.-
Júní/júli 2020 laun Rósu Davíðsdóttir v/ brúarnámsk. í frönsku	804.456.-
30.4 2020 forritun/uppsetning námskeiða í frönsku og þýsku	<u>300.000.-</u>
	1.249.501

Eftirstöðvar eru því 250.499 auk lokagreiðslu 500.000. Vinna við verkið mun halda áfram í maí n.k. svo að taka megí námskeiðið í gagnið árið 2023.